

1. Með viðskiptum við Gíraffa sf. staðfestir viðskiptavinur að hann hafi lesið skilmálana og fallist á að lúta þeim. Skilmálarnir kunna að verða endurskoðaðir án fyrirvara en þá mun Gíraffi senda viðskiptavininum tilkynningu um breytingar. Hefur viðskiptavinur þá 30 daga frá tilkynningu til að synja breytingunum og getur þá sagt upp áskritinni skv. 5. grein þessara skilmála. Berist ekki svar telst viðkomandi hafa samþykkt breytta skilmála. Skilmálar þessir eru samningur milli Gíraffa og viðskiptavinar taka gildi við samþykki viðskiptavinar.

2. Með samþykki skilmálanna ábyrgist viðskiptavinur að hann sé 18 ára, að fullu fjárráða og sjálfráða ef hann er einstaklingur. Að öðrum kosti geta viðkomandi lögráðamenn gert samning við Gíraffa fyrir hönd hins ólögráða eða ofjárráða einstaklings og tekur lögráðamaður þá á sig allar skyldur og ábyrgð sem tilheyra þeim þjónustusamningi og þjónustuskilmálum sem við eiga hverju sinni. Sé viðskiptavinur fyrirtæki eða lögaðili ábyrgist sá sem gerir eða endurnýjar þjónustusamning fyrir hönd viðskiptavinar að hann hafi umboð og leyfi til að skuldbinda viðkomandi lögaðila með þeim hætti sem skilmálar þessir tilgreina. Viðskiptavinur ábyrgist einnig að allar upplýsingar sem hann hefur gefið Gíraffa séu réttar og gildandi og að hann muni láta Gíraffa vita af öllum breytingum á upplýsingum sem hann hefur gefið til að Gíraffi búi ávallt yfir réttum og gildandi upplýsingum.

3. Ef skilmálar þessir eru brotnir getur það valdið tafarlausri lokun hýsingar án fyrirvara.

4. Gíraffi sf. mun eftir fremsta megni tryggja trúnað og öryggi viðskiptavina og þeirra gagna sem þeir kunna að geyma hjá Gíraffa.

5. Uppsagnir.

a. Segja skal upp áskrift með sannanlegum skriflegum hætti t.d. með því að senda tölvupóst á netfangið giraffi@giraffi.net. Uppsögn getur einungis tekið gildi eftir heiltölufjölda mánaða frá pöntunardegi og þarf að hafa borist amk 10 dögum fyrir slíkan dag til að hún taki gildi á þeim degi. Berist uppsögn ekki 10 dögum fyrir lok samningstímabils mun Gíraffi framkvæma sjálfvirka endurnýjun á samningi til jafnlangs tíma og upprunalega var samið, með þeim greiðslumáta sem upprunalega var notaður. Viðskiptavinur samþykkir að Gíraffi framkvæmi slíka sjálfvirka endurnýjun og þar með gildistöku nýs þjónustusamnings.

b. Endurgreiðslur: Gíraffi mun endurgreiða viðskiptavini þá mánuði sem eftir eru af samningstímabili þegar uppsögn tekur gildi, endurreiknaða skv. gjaldskrá miðað við að í upphafi hefði einungis verið pantaður sá fjöldi mánaða sem raunin varð. Þetta á einungis við um uppsagnir af hálfu viðskiptavina. Ef uppsögn er framkvæmd af Gíraffa vegna brota á skilmálum um notkun þjónustunnar mun endurgreiðsla ekki fara fram. Gíraffi mun þó ekki endurgreiða árgjöld léna, hugbúnaðarleyfa eða annara þjónustna sem Gíraffi endurselur fyrir þriðja aðila.

6. Eftir að viðskipti eru hafin ábyrgist Gíraffi sf. eftirfarandi:

a. Að stofna reikning og notandanafn fyrir viðskiptamann.

b. Að geyma alla tölvupósta og öll samskiptagögn viðskiptamanns og Gíraffa í amk. 7 ár.

c. Að uppfylla öll þau atriði sem talin eru upp við upphaf viðskipta og má finna m.a. í tölvupóstsamskiptum við viðskiptamann.

d. Að “yfirselja” ekki vélbúnað sinn, þ.e.a.s. að selja ekki fleiri aðganga á hverja vél en hún þolir með góðu móti.

7. Gíraffi sf. ábyrgist ekki:

a. Tjón vegna tengiörðugleika, nauðsynlegra viðgerða og endurbóta á búnaði Gíraffa sf. eða óviðráðanlegra ytri aðstæðna, þ.á.m. rafmagnsleysis, viðgerða á sæstrengjum og netárása.

b. Tjón vegna uppsetningar eða notkunar á hugbúnaði sem Gíraffa sf. kann að hafa bent reikningshafa á að nota.

c. Gíraffi sf. getur aldrei orðið ábyrgur vegna hvers kyns tjóns sem notandi kann að verða valdur að á reikningi sínum.

8. Þegar stofnað er til þjónustusamnings skv. þessum skilmálum mun Gíraffi geyma eftirfarandi upplýsingar um viðskiptavin:

a. Nafn viðskiptavinar

b. Virkt tölvupóstfang viðskiptavinar

c. Notendanafn sem viðskiptavinur kann að velja sér

d. Aðgangsorð notanda

e. Virkt símanúmer viðskiptavinar

f. Greiðsluupplýsingar, þ.e.a.s. heimilisfang, upplýsingar um greiðslumiðil, o.s.frv., í samræmi við lög um meðhöndlun slíkra upplýsinga.

Verði farið fram á afhendingu aðgangsupplýsinga mun Gíraffi ekki afhenda slíkar upplýsingar nema viðkomandi leggi fram eftirfarandi upplýsingar:

a. Nafn viðskiptavinar sem um ræðir

b. Tölvupóstfang áskrifandans eins og það er skv. gögnum Gíraffa.

c. Notendanafn viðskiptavinar

d. Greiðsluupplýsingar viðskiptavinar.

Gíraffi mun einnig afhenda aðgangsupplýsingar þeim er framvísar dómsúrskurði um slíka afhendingu. Viðskiptavinur fellst á ofangreint fyrirkomulag um aðgengi að aðgangsupplýsingum og leysir Gíraffa undan allri ábyrgð á skaða sem verða kann vegna þess að Gíraffi framfylgir fyrirkomulaginu.

9. Eftir að viðskipti hefjast ábyrgist viðskiptavinur að fylgja notkunarskilmálum svo og eftirfarandi notkunarreglum:

a. Óheimilt er að lána, samnýta eða gefa þriðja aðila upp lykilorð sitt. Umframnotkun sem það kann að leiða af sér er á ábyrgð notanda.

b. Óheimilt er að nota aðganginn til að dreifa tölvuveirum eða öðru sem kann að valda skaða hjá viðtakanda.

c. Óheimilt er að villa á sér heimildir í samskiptum til dæmis þegar sendur er tölvupóstur eða á annan hátt.

d. Óheimilt er að vista efni á vefsvæðum Gíraffa sem ekki er í samræmi við lög og reglur eða almennt velsæmi. Þar með talið er efni sem er ærumeiðandi.

e. Viðskiptavinur er óheimilt að setja upp hugbúnað eða starfrækja þjónustu á búnaði Gíraffa sf. sem getur truflað kerfisrekstur og/eða þjónustu við aðra viðskiptavini.

f. Öll geymsla eða dreifing ólöglegs efnis er að sjálfsögðu óheimil sem og hvers kyns ósiðleg eða ólögleg notkun á þjónustunni..

g. Gíraffi sf. áskilur sér rétt til að ákvarða hvort tiltekin samskipti teljast brjóta í bága við þessar reglur.

10. Gíraffi sf. áskilur sér rétt til að senda viðskiptavinum póst, bréf og/eða tölvupóst með tilkynningum er varða þjónustuna.

11. Gíraffi sf. áskilur sér rétt til að eyða gögnum viðskiptavinar ef reikningar hafa ekki verið greiddir samfelld í 3 mánuði.

12. Gíraffi áskilur sér allan rétt til að færa þjónustu viðskiptavinar milli véla eða sýndarvéla í hverjum þeim tilgagni sem Gíraffi álitur nauðsynlegan eða hagkvæman svo framarlega sem slíkt valdi viðskiptavini ekki stórfelldu óhagræði.

Ef viðskiptavinur sér fram á að hýsing hans krefjist stórnoktkunar á vélbúnaði eða bandvídd Gíraffa ber honum að hafa samband við starfsmenn Gíraffa til að hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

13. Viðskiptavinur ábyrgist að nota erlenda bandvídd Gíraffa hóflega. Sé viðskiptavinur með VPS þjónustu fær hann 3 gígabæt á mánuði gjaldfrjálst en hvert gígabæt umfram það kostar 500 krónur.

14. Skráður eigandi reiknings telst ábyrgur fyrir að skilmálum Gíraffa sf. sé fylgt. Viðskiptavinur ber alfarið ábyrgð á notkun lykilorða sinna sem og öllum samskiptum og/eða gögnum sem frá því stafa þ.m.t. vefsíður, tölvupóstur og skrárflutningsgögnum. Viðskiptavinur ábyrgist einnig að láta Gíraffa tafarlaust vita ef grunur vaknar um að trúnaðarauðkenni, svo sem lykilorð, hafi komist í hendur

óviðkomandi aðila. Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir allri notkun sinni á þjónustum Gíraffa og afleiðingum notkunar.

15. Gíraffi sf. ábyrgist ekki innihald vefsvæða, tölvupóstsendinga eða annara gagna sem stafar frá viðskiptavinum Gíraffa sf..

16. Telji starfsmenn Gíraffa sf. að viðskiptavinur fylgi ekki notkunarreglum er Gíraffa heimilt að takmarka eða loka algerlega fyrir aðgang viðskiptavinar að þjónustu sinni án nokkurs fyrirvara.

17. Sé ekki innistæða fyrir skuldfærslu áskriftargjalds má viðskiptavinur búast við að lokað verði fyrir þjónustu við hann og viðskiptaskuld viðkomandi reikningshafa send í innheimtu.

18. Öll vinna starfsmanna Gíraffa sem ekki tengist grunnuppsetningu á þjónustu eða leiðréttingu á mögulegum villum sem kunna að koma upp í hugbúnaði á vegum Gíraffa er seld samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni.